**Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**

**Kennsluáætlun 2020 - 2021**

# Samfélagsfræði 6. bekkur

Í samfélagsfræði í 6.bekk eru 3 kennslustundir á viku. Kennari er Elsa Sigrún Elísdóttir

## Vinnulag

Í kennslustundum í samfélagsfræði er lögð áhersla á samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt og sögu. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Lítið er um heimanám í samfélagsfræði en foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu.

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| Að kenna nemendum gagnrýna hugsun og þau geri sér grein fyrir þeim réttindum og skyldum sem við búum yfir.<br><br>Að nemendur kynnist trúarbrögðum heimsins.<br><br>Að nemendur geri sér grein fyrir hvað felst í orðunum fordómar og þröngsýni | Börn í okkar heimi.<br>Flóttamenn og farandfólk.<br><br>Trúarbrögðin okkar.<br><br>Börn í okkar heimi<br>Fordómar og þröngsýni | **Nemandi getur**<br>• Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, ummhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.<br>• Þekki tengslin á milli orska og afleiðinga mannanna.<br>• Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>• Þekki hvaða hjálparsamtök starfi í heiminum.<br>• Tekið þátt í samræðu um stöðu sýna sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og | Verkefnum safnað í möppu.<br>Plaköt, verkefni í tölvum.<br>Kynningar.<br><br>Plakat um víkingatímann og landafundina<br><br>Virkni nemenda í tímum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Landafundirnir<br>Víkingatíminn | Leifur Eiríksson<br>Á ferð með Leifi heppna<br>Lesbók og ýmis verkefni tekin af netinu. | skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sýnum samkvæmt alþjóðasáttmálum.<br>• Lýst margbreitilega helstu trúarbragða og lífsviðhorf og áhrifum þeirra á líf fólks.<br>• Gert sér grein fyrir hefðum og siðum sem fylgja mismunandi trúarbrögðum.<br>• rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.<br>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.<br>• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum<br>• gert sér grein fyrir lífsháttum Íslendinga á víkingatímanum. | |
| | | | |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor.  Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok .

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir